

## Skólaráðsfundur í Oddeyrarskóla 25. mars 2021

Mættir: Anna Bergrós Arnarsdóttir skólastjóri, Margrét Aðalgeirsdóttir deildarstjóri, Fjóla Kristín Helgadóttir deildarstjóri, Sunneva Guðgeirsdóttir fulltrúi starfsmanna, Herdís Jónsdóttir fulltrúi kennara, Sólveig Styrmisdóttir fulltrúi kennara Jóna Kristín Guðmundsdóttir og Arney Ingólfssdóttir fulltrúar foreldra, Sara Rún Sævarsdóttir og Jósep Pétursson, fulltrúar nemenda

Fundarritari: Fjóla Kristín Helgadóttir

1. **Skóladagatal.** Reykjaferð er ekki inn á dagatalinu því ekki hafa borist svör um hvort við fáum þá viku sem við óskuðum eftir. Skóladagatal 2021-2022 borið upp til samþykktar. Það var samþykkt samhljóða.
2. **Árshátíð.** Vegna nýjustu reglna um hertar sóttvarnir er óljóst hvernig verður með árshátíð og því ekki hægt að taka neinar ákvarðanir. Sólveig nefndi að það setji allt skipulag í uppnám að færa árshátíðina til og frá. Hugmynd að lofa bara 10. bekk að sýna, ákvörðun verður tekin um leið og málin skýrast.
3. **Covid.** Anna fór stuttlega yfir stöðuna eins og hún er núna og óskaði eftir upplýsingum um eitthvað sem þyrfti sérstaklega að hafa í huga ef takmarkanir verða enn í gildi eftir páskafrí. Jóna tjáði sig um að þessi langi covid tími hefði gengið ótrúlega vel miðað við erfiðar aðstæður - mikil aðlögunarhæfni bæði hjá nemendum og starfsfólki
4. **Húsnæðismál.** 5. bekkur hefur frá því í október verið í Stapa og því missti félagsmiðstöðin sína aðstöðu. Þetta kom ekki að sök fyrr en félagsmiðstöðin opnaði aftur og því er verið að leita lausna. Hugmyndin var að koma félagsmiðstöðinni fyrir inn af bókasafni en það gekk ekki þar sem erfitt var að halda nemendum inn á því rými sem þeim var ætlað. Anna kynnti þær tillögur sem við höfum verið að velta fyrir okkur hér innan húss:
  - a. Samnýta tónmennt og félagsmiðstöðvarrymi í Stapa - það hefur verið reynt en sambúðin var erfið
  - b. Félagsmiðstöð í Stapa - tónmennt inn af bókasafni
  - c. Félagsmiðstöð í Stapa - frístund í Stapa
  - d. Félagsmiðstöð í Stapa - frístund og tónmennt í stofu 106
  - e. Tónmennt í Stapa. Félagsmiðstöð með geymslu á íþróttagangi + ganga við íþróttahús og að smíðastofu.

Spurt um loftgæði í sérkennslustofu - niðurstöður úr mælum leggja fyrir fljótlega. Það þarf að athuga umgengni í félagsmiðstöðinni. Efasemdir um hvort hægt er að samnýta tónmennt og frístund, hvort hægt er eldri nemendur geti látið frístundardót i

friði og svo öfugt. Athugasemd frá kennara um að frístund geti ekki farið inn í raungreinastofu vegna hávaða fyrir kennara sem eru að vinna í sínum stofum á ganginum. Málin voru rædd fram og til baka en engin niðurstaða enda þetta einungis sett fram til kynningar.

Fjóla Kristín skrifaði fundargerð